



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 25. nóvember 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulögum (orkuöflunarstefna, aukin skilvirkni o.fl.)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulögum (orkuöflunarstefna, aukin skilvirkni), 229. mál. Samtökin lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið en leggja þó til breytingu á 7. gr. frumvarpsins.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um það ójafnvægi sem myndast hefur á milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði þar sem framleiðsla hefur ekki haldið í við vöxt samfélagsins en samtökin hafa varað við þeirri stöðu um árábil. Síðustu ríkisstjórnnum hafi láðst að leggja fram og afgreiða reglulega rammaáætlun á Alþingi og ónægt framboð virkjunarkosta í orkunýtingarflokki rammaáætlunar sé á meðal orsaka þess hve hægt hefur gengið að koma af stað nýframkvæmdum á sviði orkumála. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem miða að því að tryggja samræmi milli verndar- og orkunýtingaráætlunar og yfirlýstrar stefnu stjórnvalda um aukna orkuöflun auk þess sem lagðar eru til breytingar sem miða að aukinni skilvirkni og bættri málsmeðferð í ferli verndar- og orkunýtingaráætlunar.

SI fagna frumvarpinu og telja brýnt að það nái fram að ganga. Orkuöryggi er ein af grunnstoðum íslensks samfélags og samkeppnishæfni Íslands. Raforka gegnir enn fremur lykilhlutverki í þeim orkuskiptum sem fram undan eru og skiptir aukið raforkuframboð miklu máli fyrir vöxt og viðgang samfélagsins. Samkvæmt raforkuspá Landsnets 2024-2050 eru ekki nægilega margir virkjanakostir í nýtingarflokki til að mæta orkuskiptum. Þunglamalegt og flókið ferli hefur staðið í vegi fyrir raforkuöflun í landinu þvert á þá framtíðarsýn sem fram kemur í orkustefnu stjórnvalda til ársins 2050 en samkvæmt henni skal Ísland vera land hreinnar orku árið 2050. Skýtur það skökku við að á meðan flestar þjóðir heims keppast við að afla grænnar orku skuli íslenskt samfélag, sem hefur næga möguleika til þess, flytja inn á ársgrundvelli yfir milljón tonn af olíu fyrir um 160 milljarða króna. Orkuöflun sl. tvo áratugi hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins. Afleiðing þessa er skortur á raforku sem hefur leitt til hærra raforkuverðs, skerðinga á raforku og dregið úr samkeppnishæfni fyrirtækja, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á útflutningstekjur og hagvöxt.




Samtökin skiluðu umsögn við frumvarp um sama efni sem lagt var fram á 156. löggjafarþingi, 268. mál, og kölluðu eftir því að stefna stjórnvalda um aukna orkuöflun yrði tengd við frumvarpið þannig unnið yrði að því markmiði að taka ákvarðanir um orkunýtingu svæða. Slíkt ákvæði er nú að finna í 3. gr. frumvarpsins og fagna samtökin því mjög.

Í 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga nr. 48/2011 er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar. Þá getur sveitarstjórn óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til þess að fresta að hámarki til þriggja ára í viðbót ákvörðun um landnotkun enda séu fyrir því gildar ástæður. Felur þetta í sér að hægt er að fresta því að setja virkjunarkost eða verndarsvæði inn í skipulagsáætlanir sveitarfélaga í allt að 14 ár frá samþykkt Alþingis á rammaáætlun. Í frumvarpi því sem lagt var fram á 156. löggjafarþingi var lagt til að almenni fresturinn yrði stytur í 4 ár og viðbótarfresturinn í 1 ár. Það frumvarp sem liggur nú fyrir þinginu kveður á um að sveitarstjórn geti frestað ákvörðun um 6 ár og viðbótarfresturinn verði 1 ár. Þar með verði heimild sveitarstjórna til frestunar í heildina átta ár. Samtökin furða sig á framangreindu og telja engin rök fyrir slíkri heimild enda hefur nýtingin verið metin skynsamleg og í almannapágu af Alþingi. Samtökin leggja til að heimild sveitarfélaga til frestunar ákvörðunar verði felld úr lögunum. Samtökin taka undir þau sjónarmið að tryggja þurfi að nærsamfélög njóti sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslu en þó án aukinnar skattheimtu.

Samtökin lýsa heilt yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið og hvetja stjórnvöld til að vinna áfram að frekari einföldun og skilvirkni þess ferlis sem gildir um virkjanaframkvæmdir til orkuöflunar. Frá gildistöku laga um verndar- og orkunýtingaráætlun hafa forsendur gjörbreyst og vinna þjóðir heims nú að því að einfalda regluverk um endurnýjanlega orku m.t.t. til loftslagsmála, samkeppnishæfni og viðnámsþróttar landa. Breyttar aðstæður á alþjóðavettvangi og eldsumbrot á Reykjanesskaga gera það enn meira aðkallandi að stjórnvöld leiti allra leiða til að auka skilvirkni og tryggja aukna orkuöflun.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Guðný Hjaltadóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði